

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 29. ágúst 2022  
UST202207-155/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Náttthagi - Rangárþingi ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Náttthaga í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram að á byggingarreit B1 er heimilt að byggja allt að 160 m<sup>2</sup> íbúðarhús, 1-2 hæðir og allt að 60 m<sup>2</sup> bílskúr. Heildarbyggingamagn innan reits getur verið allt að 220 m<sup>2</sup>.

#### **Þjósárhraun og vistgerðir**

Ekki er mikið fjallað um svæðið í greinargerð en Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt kortasjá<sup>1</sup> Náttúrufræðistofnunar Íslands er hraun á svæðinu sem nefnist Þjósárhraun og fellur það undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að hugað sé að verndun jarðmyndnanna ef einhverjar eru á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt vistgerðarkorti<sup>2</sup> Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem eru með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>2</sup> <http://vistgerdakort.ni.is/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*